

L Ö G

um viðauka við lög nr. 100 29. des. 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

9

9. febr.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 11. gr. laganna bætist nýr málslíður, svo hljóðandi:

Fulltrúar þessir hafa atkvæðisrétt á fundum viðskiptanefndar um verðlags-ákvarðanir á útgerðarvörur og skipaviðgerðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 9. febrúar 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 250 000 króna lán til útgerðarmanna, sem stunduðu síldveiðar sumarið 1949, o. fl.

10

14. febr.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast bráðabirgðalán, er Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f veittu, til þeirra útgerðarmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1949.

2. gr.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast bráðabirgðalán til að leysa sjóveð af bátum, er stunduðu fiskveiðar við Grænland sumarið 1949, enda sé jafnframt tryggt, að þeir gangi til fiskveiða hér við land á yfirstandandi vertíð.

3. gr.

Samanlögð ábyrgð ríkissjóðs vegna þessara lánveitinga má ekki fara fram úr kr. 2 250 000.00.

4. gr.

Taka skal á fjárlög fyrir 1950 fjárveitingu til endurgreiðslu lánanna, er samsvari því, sem ógreitt er af þeim 31. jan. það ár.